

Viljum við lægri rafmagnsreikning?

- Hópútboð í bígerð fyrir félagsmenn í NS

Hér áður fyrr var útilokað að lækka rafmagnsreikninginn nema með því að minnka notkunina og spara þannig rafmagn. Ekki þýddi að leita að betra verði annars staðar enda sala, dreifing og flutningur í höndum sama aðila. Það fór bara eftir landshlutum hvaða fyrirtæki neytendur skiptu við.

Árið 2003 var sala á rafmagni gefin frjáls í samræmi við tilskipun frá ESB en þannig átti að ríkja samkeppni á raforkumarkaði hér á landi. Það á þó bara við um orkuhlutann; dreifing og flutningur er enn bundinn veitunni sem er þar sem notkunin fer fram og fer því bara eftir búsetu. Á þeim tólf árum síðan orkulögin tóku gildi er tæplega hægt að segja að samkeppni hafi ríkt á þessum markaði og afskaplega lítil munur er á verði milli orkusöluvyrirtækja. Þegar kostnaður fyrir greiðsluseðla er tekinn inn í dæmið* er sparnaðurinn svo jafnvel farinn fyrir bí.

Skv. verðskrá í október 2015	Verð pr. kWh
HS orka	6,93
Fallorka	6,67
OV	6,61
ON	6,86
Orkusalan	6,89
Munur á hæsta og lægsta verði	4,84%
Almenn notkun á ári skv. OS: 5000 kWh	

Það hefur lengi verið talað um að raforkuverð á Íslandi sé ekki stór liður í heimilisbókhaldinu og að það sé lágt miðað við önnur lönd. Líkur eru þó á að rafmagn eigi eftir að hækka mikið í framtíðinni og nálgast raforkuverð í Evrópu með tilkomu sæstrengs og jafnvel vegna umhverfismála.

Samstarf við Hagvang

Nýverið buðu rekstrarráðgjafar frá Hagvangi samtökunum til samstarfs við útboð á raforkukaupum fyrir heimili. Þeir hafa áralanga reynslu í að bjóða út ýmsa þjónustu, m.a. rafmagn, fyrir fyrirtæki til að hagræða í rekstri. Tillaga þeirra um hópútboð neytenda gekk á milli starfsmanna, stjórnar og starfshóps. Ýmsir voru efins um að það myndi skila einhverju í buddu neytenda; það ætti frekar að bjóða út aðra þjónustu og vörukaup sem hefðu meiri áhrif á heimilisreksturinn.

Niðurstaðan var þó sú að þetta væri tilraunarinnar virði og að þörf væri á að hrista aðeins upp í óvirkri samkeppninni sem ríkir á raforkumarkaði. Það yrði að byrja einhvers staðar og sala á rafmagni er ekki eins flókin og fjarskipta- eða fjármálþjónusta. Ef þessi tilraun heppnast væri næsta skref að framkvæma hópútboð á öðrum neytendamörkuðum.

Tilboð til félagsmanna

Neytendasamtökin bjóða félagsmönnum að vera með í hópútboði um kaup á rafmagni til heimilisnota. Þeir sem ekki eru félagsmenn geta skráð sig í samtökin og um leið skráð sig í hópútboðið. Hugmyndin er sú að þeir sem skrá sig til þátttöku gefi um leið umboð til Neytendasamtakanna um að verða færðir í viðskipti til þess raforkusala sem býður best. Ef lægsta tilboð telst ekki viðunandi verður engu tilboði tekið. Hugsanlega er rafmagnsnotkunin ekki það mikil að það lækki kostnað sem munar um t.d. árgjald í samtökunum (5.400 kr) en því meiri notkun því meiri sparnaður. Ekki er gerð krafa um lágmarksfjölda þátttakenda. Skilmálarnir verða þeir sömu og á almennum markaði, m.a. mánaðar uppsagnarfrestur.

Nánari upplýsingar og skráning í hópútboð má finna á heimasíðu Neytendasamtakanna, ns.is.

**Ef rafmagnið er keypt hjá öðrum en veitunni þar sem notkunin fer fram þýðir það í raun tveir greiðsluseðlar og um leið tvö seðilgjöld (sjá umfjöllun í síðasta Neytendablaði).*